

að telja skipið „Ludolf Eide“ hafa verið í hættu statt og athöfn „Gulltopps“ því björgun samkv. 10. kap. siglingalaganna. En þegar bæði er tekið tillit til þess að „Gulltoppur“ eða skipshöfn hans er í enga hættu lagður vegna björgunarinnar, að drátturinn tók ekki nema hjer um bil 2 klukkustundir, að verðmæti hins bjargada virðist ekki hafa farið fram úr kr. 30000,00, og að töf „Gulltopps“ verður alls um sólarhring frá sildveiðum um há veiðitímann, þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 6000,00 og ber að dæma stefnanda þá upphæð með 6% ársvöxtum frá 2. okt. 1923 til greiðsludags, enda hafi stefnandi sjóveðrjett í skipinu samkvæmt 236. gr. siglingalaganna til tryggingar þeim upphæðum.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst kr. 100,00.

Mánudaginn 20. apríl 1925.

Nr. 33/1924. **Björn P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar** (Sjálfur)

gegn

skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. dánarbús Jóns Helgasonar og Margrjetar Þorláksdóttur o. fl.

(Guðm. Ólafsson, Pjetur Magnússon, Lárus Jóhannesson).

Frávísunardómur.

Úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur 17. maí 1924: Erfðaskrárnar frá 27. apríl 1906, 28. júní 1909 og 19. apríl 1913 verða ekki teknar til greina. — Erfingjar þeir, sem taldir eru í erfðaskrá Jóns sál. Helgasonar frá 24. apríl 1922 skulu erfa eftirlátnar eigur hans í hlutföllum þeim, er sú erfðaskrá greinir. — Erfð eftirlátinna eigna Margrjetar sál. Þorláksdóttur hverfur til erfingja hennar að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna, tölul. 1.

Við opinber skifti á dánar- og fjelagsbúi hjónanna Jóns Helgasonar, kaupmanns í Reykjavík, og Margrjetar Þorláksdóttur kom það í ljós, að þau, sem ekki áttu arfgengt afkvæmi, höfðu gjört sameiginlega erfðaskrá þ. 27. apríl 1906 og ennfremur að Jón Helgason hafði að konu sinni látinni gjört þrjár aðrar erfðaskrár 28. júní 1909, 19. apríl 1913 og 24. apríl 1922. Útaf erfðaskráum þessum öllum reis ágreiningur um það hverjir ættu arftökurjett í búinu. Af hálfu áfrýjanda máls þessa, lögerfingja Jóns Helgasonar, var mótmælt fyrir skiftarjettinum gildi allra þessara erfðaskráa og sömuleiðis mótmælt erfðarjetti lögerfingja Margrjetar Þorláksdóttur, en þess krafist að skiftarjetturinn úrskurðaði lögerfingjum Jóns Helgasonar einum erfðarjett að öllum eignum fjelagsbúsins. Þann 17. maí f. á. gekk úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur um ágreiningsmál þessi á þá leið, að erfingjar þeir, sem taldir eru í síðustu erfðaskrá Jóns Helgasonar 24. apríl 1922 skyldu erfa eftirlátnar eigur hans í hlutföllum þeim, er erfðaskráin greinir, en að erfð eftirlátinna eigna Margrjetar Þorláksdóttur skyldi hverfa til lögerfingja hennar.

Þessum úrskurði hefir af hálfu lögerfingja Jóns Helgasonar verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 12. júlí f. á. og þess krafist að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og að áfrýjendum verði dæmdur erfðarjettur að öllum skuldlausum eignum nefnds fjelagsbús. Málskostnaðar fyrir hæstarjetti hefir og verið krafist af hendi áfrýjanda.

Kröfum áfrýjanda fyrir skiftarjettinum var þar mótmælt bæði af lögerfingjum Margrjetar Þorláksdóttur og þeim, er gjörðu tilkall til erfða samkvæmt fyrnefndum erfðaskráum og komu þeir allir fram sem málsaðilar við meðferð málsins fyrir skiftarjettinum.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 19, 2. okt. 1895 bar því að stefna, auk skiftaráðandans fyrir búans hönd, öllum þeim, er gjört höfðu tilkall til arfs fyrir skiftarjettinum og búsettir voru hjer á landi. En þetta hefir ekki verið gjört. Engum þessara arfkrefjenda hefir verið stefnt, heldur umboðsmönnum þeim, er mættu fyrir þeirra hönd í skiftarjettinum, þeim Einari Arnórs-syni prófessor, hæstarjettarmálaflutningsmönnum Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni, stjórnar-ráðsfulltrúa Páli Pálmasynt og atvinnumálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, og verður þó ekki sjeð af skiftagjörðunum að þeir hafi fengið umboð til að taka á móti áfrýjunarstefnu.

Fyrir þessa skuld og með því að skiftaráðandi fyrir dánarbúsins hönd og tveir hinna stefndu umboðsmanna hafa hvorki mætt nje látið mæta í málinu við flutning þess í hæstarjetti, verður ex officio að frávisa því. Og verður þá að dæma áfrýjanda til að greiða þeim hinna stefndu, er mætt hafa í málinu, atvinnumálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, og hæstarjettarmálaflutningsmönnum Guðmundi Ólafssyni og Pjetri Magnússyni, málskostnað í hæstarjetti og ákveðst hann 100 kr. handa hverjum þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu visast frá hæstarjetti.

Áfrýjandi Björn P. Kalman f. h. lögerfingja Jóns Helgasonar greiði atvinnumálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni, hæstarjettarmálaflutningsmanni Guðmundi Ólafssyni og hæstarjettarmálaflutningsmanni Pjetri Magnússyni málskostnað

fyrir hæstarjetti, 100 kr. hverjum þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1925.

Nr. 3/1924. **Tómas Jónsson** (Pjetur Magnússon)
gegn

Jóni Ásbjörnssyni f. h. Carl F. Jensen (Sjálfur).

Útaf greiðslu eftirstöðva kartöfluandvirðis.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febr. 1923: Stefndur, Tómas Jónsson, greiði stefnandanum, Jóni Ásbjörnssyni f. h. firmans Carl F. Jensen, kr. 3320,92 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. september 1921 til greiðsludags og 75 krónur upp í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms og með því að gögn þau, er aflað hefir verið undir áfrýjun málsins, eigi geta haggað niðurstöðu dómsins, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Tómas Jónsson, greiði stefnda, Jóni Ásbjörnssyni f. h. Carl F. Jensen, málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.
